

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er þó heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. að leyfa tilbúning öls, til sölu innanlands og til útflutnings, sem hefur inni að halda allt að 3½% af vínanda að rúmmáli. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 3½% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skulu sett í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi íslenskum lögum er áfengi skilgreint sem vökvi, er hafi meira af vínanda en nemi 2¼% að rúmmáli. Jafnframt eru sterkir drykkir talin þau vín, er hafa meira en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau, er hafa minna en 21% af vínanda að rúmmáli.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt, veitist ríkisstjórninni heimild til að leyfa tilbúning og sölu öls, á innlendum markaði og til útflutnings, sem hefur inni að halda allt að 3½% af vínanda að rúmmáli.

Í reglugerð skal setja reglur um meðferð og sölu þess. Um þær reglur munu að sjálfsögðu verða skiptar skoðanir, en flm. telur að athuguðu máli, að heppilegast sé, að sala áfengs öls fari aðeins fram á stöðum, sem vinveitingaleyfi hafa, og á vegum Áfengisverzlunar ríkisins.

Öl með þessum styrkleika er talið mjög veikt meðal þjóða, er hafa öl á boðstólum. Þetta öl (local-öl) nýtur hins vegar mikilla vinsælda meðal flestra menningarþjóða, sem telja, að sterkt teljist öl ekki, fyrr en styrkleiki þess sé orðinn 4.5%—6% og þar yfir.

Lítið samræmi virðist hafa verið í þeirri ákvörðun Alþingis að leyfa sölu á sterku áfengi og fela ríkisvaldinu dreifingu þess, en banna framleiðslu og sölu á öli, sem er veikasta stig áfengra drykkja eftir skilgreiningu íslenskra laga. Með íslensku áfengislöggjöfinni er því slegið föstu, að ekki sé framkvæmanlegt að banna algerlega sölu sterkra áfengra drykkja, og um leið undirstrikað, að óheppilegt og hættulegt sé að hafa á boðstólum fyrir Íslendinga áfengt öl, þótt í umræddri löggjöf sé heimild til ríkisstjórnarinnar að leyfa bruggun og sölu á öli til varnarliðsins og til útflutnings.

Um þetta hafa verið og eru mjög skiptar skoðanir. Því er þetta frumvarp komið fram.

Flutningsmaður telur, að í áfengislöggjöfinni verði að vera samræmi, eins og í öðrum lögum. Hann telur, að það sé meira en lítið misræmi í því að leyfa sölu á eldsterku brennivíni, en banna sölu á veiku öli — á þeirri forsendu, að verið sé að vinna gegn áfengisbólinu.

Við slíkar röksemdir hlýtur sú spurning að vakna, hvort þeir fulltrúar á löggjafarþinginu, sem fylgja núverandi framkvæmd mála, séu sjálfum sér samkvæmir, er þeir láta hjá líða að beita sér fyrir algeru banni á sölu sterkra vína, fyrst bruggun og sala á öli, veikasta stigi áfengis, er sá hölvaldur, er sömu aðilar telja vera. Ástæða þess hlýtur að vera sú skoðun sömu aðila, að slíkt sé með öllu óframkvæmanlegt í nútímaþjóðfélagi sem okkar, er býr ekki aðeins við þær fullkomnu samgöngur, er við búum við, heldur og þekkingu, vilja og getu almennings til bruggunar áfengra drykkja, auk þess atriðis, sem ekki er sízt, en það eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis, er renna til margs konar menningar- og framfaramála.

Það mun og mála sannast, að við núverandi aðstæður sé mjög mikið um leynibruggun öls, er hlýtur að skapast í þjóðfélagi, sem viðurkennir sölu og neyzlu sterkra áfengra drykkja. Auk þess mikla magns, er þannig fer ótollað fram hjá ríkissjóði, má benda á, að mikið magn hlýtur að koma af tilbúnu öli til landsins

í hendur þeirra, er til þess hafa aðstöðu, og því til sönnunar má benda á þá staðreynd, að ölgerð sú, er framleiðir megnið af öllum bjór og pilsner í landinu, hefur ekki flutt inn eina einustu tóma flösku síðan 1956, og var þó tappað á yfir 4000000 — fjórar milljónir — flaskna á síðasta ári, og notar hún þó aðeins flöskur frá einu landi í Evrópu, eða nánar tiltekið tveimur fyrirtækjum.

Meginröksemdir þeirra, sem vilja leyfa bruggun og sölu á áfengu öli, og þeirra, sem því eru andvígir, eru varðandi þau áhrif, er slíkt muni hafa á drykkjuskap þjóðarinnar í heild. Þeir, sem öl vilja, telja, að sala á áfengu öli geti að nokkru leyti bætt úr því öngþveiti, sem hér ríkir í áfengismálum, og breytt á ýmsan hátt til hins betra drykkjarósiðum, sem hér ríkjja. Hinir telja, að sala á öli muni stórauka drykkjuskap, sérstaklega meðal unglunga, og enn fremur — eftir því sem ákveðinn hópur heldur fram — meðal verkamanna.

Hvað síðustu fullyrðinguna varðar má benda á, að í því tilliti hafa verið dregnar mjög hæpnar og vafasamar ályktanir frá ákveðnum stöðum í nágrenna löndum okkar, sem frekar styðjast við óskhyggju bannmanna, en raunveruleikann sjálfan. Og auðvitað ber að mótmæla harðlega þeim móðgunum, sem í þessu felast í garð þessarar stéttar, því að vitaskuld er henni sízt hættara við freistingum þessa heims en öðrum.

Fullyrðingin um áhrif öls á unglunga virðist haldlítill, þegar á það er bent, að hvorki peningaleysi né hömlur virðast forða frá því, að unglingar komist yfir eldsterkt, hrátt og óhollt brennivín eða aðra slíka drykki allt að 60% sterka, sem þeir síðan blanda með sætum og kolsýrðum vökva, er felur áfengisbragðið gersamlega, en flytur áfengisáhrifin svo til á svipstundu út um allan líkamann, enda liggur sú staðreynd fyrir, að á sama tíma og öl er forboðinn ávöxtur á Íslandi, þá eykst vinneyzla með hverju ári, bæði sú, sem sést í skýrslum, og einnig hin, sem aldrei sést öðruvísi en í raun. Glæpir vaxa, afbrotum fjölgar, sívaxandi drykkja meðal unglunga veldur stóruaknum glæpafaraldri meðal þeirra, slysum og jafnvel mann-drápum.

Því miður liggur það skýrt fyrir, að bæði málsmetandi menn og mikilsvirtir hér á landi berjast gegn veikunni, en þó áfengu öli vegna rangra og ímyndaðra ályktana af öl- og áfengisneyzlu annarra þjóða, á sama tíma og æ fleiri þjóðir hlíta raun-sæjum ákvörðunum ráðamanna sinna í þeim efnum. Í því sambandi má benda á Svíþjóð, sem nú er að ná því jafnvægi, sem spáð var af ölfylgjendum að þar mundi nást, eftir að óhjálpsæmilegu hámarki yrði náð fyrst eftir rýmkuðum áfengis-löggjafar þar. Þá má benda á blaðafrétt úr íslenzku blaði fyrir skömmu, er skýrði frá því, að í Tékkóslóvakíu hefði fyrir skömmu verið stórhækkað verð á sterkum drykkjum til þess að draga úr neyzlu þeirra og gera öl aðgengilegra fyrir almenning, því að það geri miklu minni skaða og jafnvel hverfandi á við sterku vínin.

Fleiri röksemdir má finna til stuðnings því, að þetta frv. nái fram að ganga, svo sem stóruaknar heimsóknir erlendra ferðamanna á næstu árum — og nauðsyn þjóðlegra og frambærilegra áfengisdrykkja annarra en svartadauða, — gjaldeyris-tekjur af útflutningi öls o. fl., sem nánar verður að vikið í framsögu.

En meginröksemdir sínar telur flm. vera þær, að slíkt bann sem nú er á áfengu öli sé móðgun við menningarþroska og frelsiskennd íslenzkra þegna og að með slíku banni sé ekkert samræmi í framkvæmd áfengismála, þegar leyfð er sala og neyzla sterkra drykkja, en fordæmd neyzla á veikustu tegund áfengis.